

Reykjavík, 9. desember 2009

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)


**Efni:** Athugasemdir Olíuverzlunar Íslands hf við frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta (heildarlög, kolefnisgjald og skattur á raforku og heitt vatn), 257. mál.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0293.html>

Samkvæmt drögum að umræddum lögum þá er gert ráð fyrir að gjaldskilda vegna kolefnisgjalds myndist við tollafgreiðslu á eldsneyti. Félagið selur um 250 milljónir lítra á ári og að jafnaði líða um 3 mánuðir frá því að vara er flutt inn þar til að hún hefur fengist greidd frá viðskiptavinum félagsins. Framangreind lagasetning mun því hækka fjármögnunarþörf félagsins um tæpar 200 milljónir á hverjum tíma með tilheyrandi vaxtakostnaði. Með hliðsjón af framangreindu óskar félagið eftir að sett verði í frumvarpið ákvæði um greiðslufrest á kolefnisgjaldi við tollafgreiðslu, hliðstætt við það sem nú gildir um vörugjöld af bensíni, þannig að 36% greiðist við tollafgreiðslu, 20% greiðist innan 60 daga og 44% greiðist innan 90 daga frá komudegi farms.

Þá leggur félagið til að unnt verði að endurkrefja Ríkissjóð um kolefnisgjald vegna sannanlega tapaðra krafna líkt og nú gildir um virðisaukaskatt og olúgjald.

Virðingarfyllst,  
Olíuverzlun Íslands hf.



Einar Benediktsson, forstjóri